

Umhverfissráðuneytið
Skuggasundi 1
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 05. september 2008
Tilvísun: 2008090003
Bréfalykill: 21.1

Efni: Umsögn um drög að “Reglugerð um innihald IS 50V landfræðilegs gagnasafns um Ísland”

Með erindi umhverfissráðuneytisins til Orkustofnunar, Vatnamælinga, dags. 2. júlí 2008, var stofnuninni gefinn kostur á að veita umsögn um drög að reglugerð um innihald IS 50V, landfræðilegs gagnasafns um Ísland, en reglugerðina hafa Landmælingar Íslands unnið í samráði við umhverfissráðuneytið. Orkumálasvið Orkustofnunar setur hér fram sérstaka umsögn um reglugerðardrögin og er það gert með góðfúslegri heimild umhverfissráðuneytisins.

Í 4. gr. laga nr. 103/2006, um landmælingar og grunnkortagerð er fjallað um eitt af verkefnum Landmælinga Íslands, gerð, viðhald og miðlun á sjö þekjum í mælikvarðanum 1: 50 000 og miðlun þeirra í minni mælikvarða. Verkefni Landmælinga Íslands á þessu sviði hefur gengið undir nafninu IS 50V, en það nafn er ekki nefnt sérstaklega í lögunum.

Landfræðilega gagnasafnið IS 50V hefur ekki verið óumdeilt frá því það var kynnt og hafa meðal annars verið gerðar athugasemdir við gæði gagnanna. Meðal þeirra voru athugasemdir frá Orkustofnun árið 2003 þar sem fram kom að þáverandi vatnafarsgögn IS 50V nægðu ekki fyrir verkefni Vatnamælinga sem þá voru deild innan Orkustofnunar undir yfirstjórn iðnaðarráðuneytis. Var því leitað annarra leiða með öflun nákvæmari gagna sem fánleg voru frá öðrum aðila á markaði.

Í reglugerðardrögunum eru nefnd þau markmið að skilgreina innihald, uppbyggingu og nákvæmni IS 50V og er einkum fjallað um þau atriði í viðauka með reglugerðinni. Þar sem rætt er um nákvæmni er um að ræða staðsetningarnákvæmni sem er mismunandi eftir þekjum. Leiða má líkur að því að markmiðið sé auk þess að tryggja verkefnið IS 50V sem lögbundið verkefni Landmælinga Íslands og tryggja það þar með sem opinbert verkefni sem erfitt yrði að hreyfa við í samkeppniskæru frá aðilum á markaði.


Umhverfissráðuneytið og Landmælingar Íslands vinna nú að undirbúningi innleiðingar hinnar evrópsku INSPIRE tilskipunar um landfræðilegar upplýsingar, sbr. bréf Landmælinga Íslands til Orkustofnunar, dags. 7. ágúst 2008. Þar kemur fram verið sé að undirbúa upplýsingaöflun fyrir skýrslugerð sem þurfi að vera tilbúin 15. nóvember 2008 og að nauðsynlegar lagabreytingar þurfi að taka gildi fyrir 15. maí 2009. Með því að greina stöðuna hérlendis er mögulegt að setja markmið fyrir samræmingu og samnýtingu opinberra upplýsinga á Íslandi. Ætla má að út úr þessari vinnu komi skýrari mynd af hlutverki ólíkra stofnana, sveitarfélaga og fyrirtækja á sviði öflunar og miðlunar landfræðilegra gagna og að gerð verði tímasett áætlun um það hvenær samræmd gögn á hverju því fagsviði sem tilskipunin nær til, þurfi að

vera tilbúin. Það má ljóst vera að IS 50V er eitt þeirra landfræðilegu gagnasafna hér á landi sem þarf að stilla inn í þessa heildarmynd.


Þær upplýsingar sem geymdar eru í stafrænum landfræðilegum gagnasöfnum eru eðli málsins samkvæmt í stöðugri endurnýjun. Ákveðnar þekjur í IS 50V endurnýjast hraðar en aðrar og eru auðveldari í endurskoðun og uppfærslu. Hins vegar eru undirliggjandi gögn til dæmis um hæð lands í ákveðnum landshlutum byggðar á áratuga gömlum kortum og mælingum og má nefna í því sambandi að ekki hafi verið talið hægt að koma inn í IS 50V nýjum upplýsingum um útlínur jökla þar sem undirliggjandi hæðarlínugögn gefi ekki möguleika á því. Slíkt hefur auðvitað áhrif á nákvæmni annarra upplýsinga sem birtast ofan á hæðarlínugrunninum, en nákvæmni hæðarlínuþekju er í drögum reglugerðarviðaukans gefin upp með +/- 50 metra nákvæmni meðan aðrar þekjur eru gefnar upp með allt að +/- 10 metra nákvæmni, eða stefnt að þeirri nákvæmni.

Orkustofnun, orkumálasvið, telur af framansögðu ekki rétt að setja reglugerð um landfræðilega gagnagrunninn IS 50V í þeirri mynd sem gagnasafnið er í dag. Reglugerðardrögin og viðaukinn bera þess merki að verið sé að festa núverandi skipulag með ígildi laga, en þegar litið er á þarfir notenda og þarfir samfélagsins í heild liggur ekki fyrir að núverandi skipan IS 50V sé sú sem eigi að vera bundin í framtíðinni varðandi gögn af landinu í mælikvarða 1:50 000. Heildarmyndin þarf að liggja fyrir fyrst, en hún ætti meðal annars að skýrast með vinnu við INSPIRE tilskipunina á næstu mánuðum. Síðan ætti að skoða hvernig IS 50V félli að þeirri mynd, en áður en til greina kæmi að huga að reglugerð um verkefni eins og IS 50V eða annað svipað í mælikvarða 1:50 000 þyrfti að fá óháða úttekt á stöðu gæðamála í IS 50V verkefninu og mat á þörfinni í samfélaginu fyrir slíkt gagnasafn. Á þann hátt fengist mat á gögnunum og verkefninu, sem myndi nýtast við ákvarðanatöku um það hvernig fjármunum ríkissjóðs verður best varið við gerð opinberra landfræðilegra gagnasafna almennt. Texti reglugerðardraganna ásamt viðaukanum gefur tilefni til þess að staldrað sé við að sinni og málið athugað betur, eins og rakið er hér á undan. Textinn er að öðru leyti mjög almennt orðaður og af framansögðu er ekki talin ástæða til að fjalla sérstaklega um einstaka hluta hans hér.

Virðingarfyllst



Þorvaldur Bragason
gagnastjóri



Lárus M. K. Ólafsson
lögfræðingur